



ein þeirra.

Þeirra segir sögu um þann merkilega og oft torskilda persónuleika, sem Kjarval var. Fyrst þannig fór að ekki var hægt að varðveita vinnustofuna, eru myndir Rafns Hafnfjörð ómetanleg heimild, sem tvímælalaust þarf að varðveita og sýnist liggja í augum uppi, að það sé gert á Kjarvalsstöðum. En fyrir utan myndirnar úr vinnustofu Kjarvals, sýnir Rafn 230 myndir af ýmsum stöðum á landinu; nærmyndir og víðáttur, en umfram

allt: Náttúruna í allri sinni dýrð á ýmsum árstímum og í ýmisskonar birtu. Allar eru myndirnar stækkaðar úti í Sviss við fullkomnustu aðstæður, en Rafn fór þangað sjálfur og vann með sérfræðingum á þessu sviði.

En hvers vegna myndaði Rafn ekki Jóhannes Kjarval við vinnu; hvers vegna er hann ekki einhversstaðar með á þessum myndum? Að vísu var það alltaf ætlunin, en atvikin

höguðu því þannig til að af því gat ekki orðið.

„Ég minntist ekki á það við Kjarval sjálfan“, sagði Rafn, „enda kom ég ekki oft á vinnustofuna í Sigtúni. En ég þekkti vel Svein Kjarval, son Jóhannesar, og talaði stundum um það við hann, að ég hefði áhuga á að mynda Kjarval að verki í vinnustofu sinni. Svo gerist það loksins, að Sveinn hringir og segir: „Nú er karl faðir minn tilbúinn til þess að taka á

móti þér“. Eg lét ekki segja mér það tvisvar, en hljóp frá prentvélinni í skyndi og móttökunni gleymi ég aldrei.

Sveinn fór inn á undan til þess að kanna andrúmsloftið, sem gat verið óútreiknanlegt, en kemur síðan út í bíl og býður mér að ganga inn úr útidyrunum, sem voru á jarðhæðinni. Lengra náði heimildin ekki. Þaðan lá hár stigi upp í vinnustofuna og uppi á pallinum stóð Kjarval, stór og mikill